




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólinn Sunnuás 2019 - 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla

Leiðarljós Sunnuáss

1. Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári
2. Innra mat leikskólans
 - 2.1 Greinargerð deildarst. Dyngju og Álfabrekku (árg. 2017 og 2016) um starfið á síðasta ári
 - 2.2 Greinargerð deildarst. Langholts (árg. 2016) um starfið á síðasta ári
 - 2.3 Greinargerð deildarst. Áss (árg. 2015) um starfið á síðasta ári
 - 2.4 Greinargerð deildarst. Langasands (árg. 2015-2014) um starfið á síðasta ári
 - 2.5 Greinargerð deildarst. Hlíðarenda (árg. 2013-2014) um starfið á síðasta ári
3. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári
4. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku
5. Starfspróunarsamtöl og fræðsla
6. Foreldrasamvinna
7. Samstarf leik- og grunnskóla
8. Skipulagsdagar
9. Fylgiskjöl

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós Sunnuáss

**Að í Sunnuás ríki virðing fyrir einstaklingnum og umhverfinu,
sjálfræði, sköpun og leikgleði**

1. Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Undirrituð leikskólastjóri í Sunnuási fór í óviðbúið veikindaleyfi um mánaðarmótin apríl/maí 2018 sem ekki var fyrirséð í upphafi hvað stæði lengi.

Aðstoðarleikskólastjóri fékk því hlutverk leikskólastjóra í hendur óviðbúið á einni nóttu. Verkefnastjóri fagteyma og áætlanagerða sem er með áratuga reynslu af stjórnun leikskóla sem aðstoðarleikskólastjóri tók að sér það starf tímabundið. Á þessum tíma var búið að bjóða mörgum ungum börnum dvöl en ekki búið að fullmanna leikskólann í kjölfar skólaárs skerðingar vegna manneklu.

Áætlun um flutning barna á eldri deildir var fylgt og ef starfsfólk vantaði á þær deildir flutti starfsfólkið með til að tryggja stöðugleika. Ein af yngri deildunum þremur var fullmönnuð þ.e.a.s Dyngja sem er smábarnadeild fyrir yngstu börnin. Hin smábarnadeildin var lokuð og vonir stóðu til að úr rættist á þriðju deildinni Álfabrekku.

Ákvörðun var tekin um að taka börn inn á yngstu deildina Dyngju á undan börnum sem voru nokkrum mánuðum eldri og voru að byrja á Álfabrekku. Í október var búið var að ráða tvo starfsmenn á Álfabrekku og búið að ganga frá ráðningu deildarstjóra frá og með áramótum á deildina. Leikskólastjóri kom til starfa að loknu veikindaleyfi 1. október og verkefnastjórinn sem var í stöðu aðstoðarleikskólastjóra tók að sér deildarstjórnun á Álfabrekku fram að áramótum sem gerði það kleyft að opna deildina fyrir þau börn sem höfðu ekki getað byrjað.

Mannekla hefur verið þyngsta og stærsta vandamálið í starfi leikskólans síðustu skólaár. Enn hefur ekki tekist að opna Barnhól aðra smábarnadeildina, en á mótí eru engin börn á biðlista á þeim aldri.

Það er erfiðara að festa í sessi hugmyndafræði og faglegt starf þegar miklar mannabreytingar eru og ekki gefst nægur tími til að fræða og efla nýtt starfsfólk sem ekki hefur reynslu. Á skólaárinu er stefnt að markvissari fræðslu til nýrra starfsmanna. Undirrituð leikskólastjóri þurfti enn á ný í þriggja mánaða veikindaleyfi um miðjan mars fram yfir miðjan júní sem auðvitað bætti ekki stöðuna í starfsmannamálum. Það sem skiptir sköpum í því árferði sem verið hefur er sterk og metnaðarfull fagmennska deildarstjóra og annarra stjórnenda til að draga vagninn ásamt hópi reynsluríks kjarna í starfsmannahópnum. Margt hefur áunnist og tveir starfsmenn eru að stíga sín fyrstu skref í leikskólakennaranámi sem er fagnaðarefni. Nýliðarnir í hópnum okkar eru efnilegir og því ástæða til bjartsýni í vinnu við nýja menntastefnu. Hópurinn mun leggja sérstaka áherslu á félagsfærni og vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig verður áfram unnið með umhverfismennt. Það eru forréttindi að taka þátt í því.

2 Innra mat leikskólans

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni. Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

Gera skal matsáætlun/umbótaáætlun og gera grein fyrir hvaða þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018). Helstu matsaðferðir Sunnuáss eru spurningalistar sem eru lagðir fyrir starfsmannahópinn hvort sem er einstaklings svörun og eða svörun í hópum. Rafrænar kannanir lagðar fyrir foreldrar, myndaspurningar og umræður í barnahópnum. Þetta er gert meðal annars á deildafundum, skipulagdögum, í starfi með börnunum og spurningalistar sendir til foreldra.

Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

1. Umherfismennt og útikennsla

1.a. Endurvinnsla

Niðurstöður

Flokkun á lífrænu og ólífrænu sorpi er fastur liður inn á hverri deild, eldhúsi og starfsmannarýmum. Moldvarpan (moltutunna) er inni á öllum deildum og er hún tæmd í stóru moltutunnuna á skólalóðinni. Í byrjun sumars var moltutunnan færð inn á sjálfa leiklóðina ásamt matjurtagörðum í von um að hún verði aðgengilegri og skapi skemmtilegra útikennslurými. Börnin eru meðvituð um tilgang moltutunnunnar og hefur þetta ferli gefið þeim tækifæri að fylgjast með hvernig matarafgangar breytast í mold/moltu.



1.b. Útikennsla

Niðurstöður

Endurmat á útikennslu átti að fara fram á fyrsta deildarfundum hvers mánaðar. Til hliðsjónar var útbúið kerfi til að meta hvort markmið mánaðarins höfðu náðst. Deildarstjórar ákveða fyrirfram markmið útikennslunnar sem átti að vera einu sinni í viku. Börnin áttu svo að tjá sig um sína upplifun af útikennslunni og kennari myndi svo gera skráningu út frá upplifun þeirra. Gert var kerfi til að meta hvort viðmið um árangur hafi náðst.

Grænt ljós: Ef farið var í útikennslu, hvort umræða var í barnahópnum og skráning gerð um upplifun þeirra af útikennslunni.

Gult ljós: Ef farið var í útikennslu en ekki var unnið meira með hana.

Rautt ljós: Ekki farið.

Viðmið um árangur var ef Grænt ljós náði 80% eða yfir.

Gerð var starfsmannakönnun í mars 2019 þar sem starfsmenn voru spurðir um hversu oft að meðaltali þeirra deild hafði farið í útikennslu á mánuði á liðnu skólaári. Prettán eða 61,90% starfsmanna höfðu aldrei farið ásamt deildinni sinni í útkennslu. Þessar tölur voru mjög sláandi og tóku deildarstjórar ásamt stjórnunum þá ákvörðun að leggja meiri áherslu á útikennslu það sem var eftir af skólaárinu og endurmeta aftur á næsta skólaári.

1.c. Ræktun

Niðurstöður

Starfsfólk og börn höfðu gott aðgengi að fræjum og gróðurmold þannig hægt var að mæta áhugahvöt barnanna varðandi ræktun og gerðar voru tilraunir með að setja niður ávaxtasteina, chilifræ og margt annað. Ræktun var sýnilegur hlutur inn á mörgum deildum og gróðasettu allar deildir kartöflur í matjurtaarðinn okkar í júní.



1.d. Einkunnarorð leikskólans: Virðing, sköpun, gleði

Niðurstöður

Samkvæmt skoðunarkönnun sem gerð var í mars 2019 sögðu 50% starfsmanna að einkunnarorð leikskólans eru mjög sýnileg inn á þeirra deildum. Meirihluti starfsmanna var sammála eða mjög sammála um að markvisst væri unnið eftir einkunnarorðunum í daglegu starfi.

Við teljum okkur ekki hafa náð settum viðmiðum um árangur og munum við því endurmeta aftur á næsta skólaári.

Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Helstu niðurstöður sem starfsmannahópur leikskólans vill leggja höfuðáherslu á út frá niðurstöðum endur mats á starfi síðasta skólaárs eru:



1. Umhversmennt og útikennsla

1.1 Útikennsla

Umbótaþættir

Útikennsla

Markmið með umbótum

Útikennsla eykur samvinnu og styrkir félagstengsl barnanna. Í útikennslu kynnumst við og gerum börnin meðvitaðri um sitt nærumhverfi. Ákveða fyrirfram markmið útikennslunnar þann dag. Börnin eiga svo að tjá sig um sína upplifun af útikennslunni og kennari gerir svo skráningu út frá upplifun þeirra.

Aðgerðir til umbóta

Deildarstjóri skal útbúa skipulag varðandi útikennslu þar sem fram kemur hvert verði farið ásamt því að taka fram viðfangsefni og markmið. Gera skal skipulag fyrir haust 2019 og vor 2020.

Tímaáætlun

September - maí

Ábyrgðaraðili

Deildarstjórar

Endurmat; hvencær og hvernig

Endurmat mun fara fram á fyrsta deildarfundum hvers mánaðar. Starfsmenn deildarinnar munu þar meta hvort viðmiðum um árangur hafi náðst.

Grænt ljós: Ef farið var í útikennslu, hvort umræða var í barnahópnum og skráning gerð um upplifun þeirra af útikennslunni.

Gult ljós: Ef farið var í útikennslu en ekki var unnið meira með hana.

Rautt ljós: Ekki farið.

Viðmið um árangur

Ef Grænt ljós nær 80% eða yfir



1. Einkunnarorð leikskólans: Virðing, Sköpun, Gleði

Umbótaþættir

Að einkunnarorð Sunnuáss verði lifandi í umhverfi leikskólans.

Markmið með umbótum

Gera einkunnarorð Sunnuáss sýnilegri í umhverfi leikskólans. Að börn og starfsfólk tileinki sér einkunnarorðinn í öllu starfi, Svo sem framkomu, samskiptum, hugtakanotkun í leik og starfi.

Aðgerð til umbóta

Bera virðingu hvert fyrir öðru.

Hvernig við komum fram við börn og starfsmenn í orðum og látbragði.

Velja og vinna með orð, hugtök og orðatiltæki sem tengjast **virðing, gleði og sköpun**

Tímaáætlun

Frá október-maí

Ábyrgðaraðili

Stjórnendateymi leikskólans

Endurmat: hvencær og hvernig

Deildarfundir með umræðum, hópavinna á skipulagsdögum.

Viðmið um árangur

Börn og starfsmenn þekki einkunnarorð Sunnuáss.

1. Barnasáttmálinn

Umbótaþættir

Barnasáttmálinn - Réttindaskóli UNICEF

Markmið með umbótum

Í Barnasáttmála SP 1989 er litið á börn sem virka og sjálfstæða einstaklinga með eigin réttindi. Eitt af hlutverkum starfsmanna leikskóla er að gæta réttinda barnanna, okkur ber að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt. Einnig að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Hlutverk hins fullorðna er að efla hæfni barna í daglegu lífi til þess að gæta réttinda sinna og efla þátttöku þeirra í samfélaginu. Á þann hátt geta börn haft áhrif á málefni sem þau varðar.

Í grófum dráttum má skipta réttindum barna samkvæmt barnasáttmálanum í þrjá flokka: vernd, umönnun og þátttöku.

Vernd

Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.

Umönnun

Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

Pátttaka

Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

(www.barnasattmali.is)

Markmið réttindaskóla er að skapa lýðræðislegt umhverfi með því að efla þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi.

Aðgerðir til umbóta

Fræðsla fyrir starfsfólk leikskólans er fyrsta skrefið. Allir starfmenn þurfa að kynna sér barnasáttmálann og tengja hann við starfið og hugmyndafræðina sem er nú þegar til staðar í leikskólanum. Fjórir deildarstjórar fóru á námskeið um Barnasáttmálann og réttindaleikskóla UNICEF. Ellen Calmon verkefnisstýra um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Nýsköpunarmiðju skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar mun halda fyrirlestur á skipulagsdegi fyrir starfsfólk varðandi hvað felst í því að vera réttindaskóli.

Unnið verður eftir verkefnaöppu UNICEF þar sem verkefnum verður skipt niður á deildir eftir aldri barnanna.

Tímaáætlun

Ágúst 2019 - Maí 2020

Ábyrgðaraðili

Verkefnastjórar: Kristín María Ingvarsdóttir og Ásgerður Alda Friðbjarnardóttir

Endurmat; hvenær og hvernig

Vinna markvisst að því að efla þekkingu á mannréttindum, byggja upp lýðræðislegt náms-umhverfi og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan leikskólans með verkefnum tengdum Barnasáttmálanum að leiðarljósi.

Endurmat fer fram á deildafundum, deildarstjórafundum og tveim starfsmannafundum fyrir og eftir jól. Á starfsmannafundunum munu deildarstjórar kynna verkefnið sem þeirra barna hópur hefur gert.

Viðmið um árangur

Viðurkenning Réttindaskóla UNICEF

1.1. Greinagerð deildarstjóra Dyngju og Álfabrekku (árgangur 2017, 2016) um starfið á síðasta ári

Innra mat

Niðurstöður

Haustið 2018 byrjuðu hjá okkur 8 börn sem þá voru fædd í janúar og fram í júní 2017. Starfsmenn voru 4 þ.e. deildarstjóri sem er leikskólakennari og í 100% starfi. 3 leiðbeinendur einn í 80% starfi einn í 90% starfi og einn í 100% starfi. Um áramót þá bættist eitt barn við sem varð eins árs í desember 2017. Deildarstjóri fór í veikindaleyfi í nokkrar vikur og leiðbeinandi sem var í 100% starfi fór í langt veikindaleyfi á haustönn kom svo og fór aftur í veikindaleyfi á vorönn.

Álfabrekka tók til starfa í nóvember 2018 og kom nýr deildarstjóri þangað í janúar 2019. Börnin á Álfabrekku eru 11 fædd seinni hluta árs 2016. Álfabrekka hefur líka verið að eiga við veikindi starfsfólks.

Álfabrekka og Dyngja eru hlið við hlið og deila saman fataherbergi. Þessar deildir vinna líka saman varðandi starfsfólk. Dyngja opnar og lokar á daginn og sameinast þær í lok dags.

Börn á öðru ári eru mörg hver að koma beint að heiman og hafa jafnvel ekki reynslu af samskiptum við jafnaldrar. Standa þau mismunandi í sjálfshjálpi erum við því að leggja inn hjá þeim t.d. hvernig á að halda á gaffli, skeið og glasi. Sækja börnin mikið í nærveru og líkamlega snertingu er því mikilvægt að vera sem mest með þeim á gólfinu.

Ávaxtastund er um kl 9:30 og fara börnin síðan í útiveru til kl 10:30 þá fara þau inn í samverustund og klósett eða fá hreina bleiu. Í haustbyrjun vorum við með hádegismatinn kl 11 því að börnin höfðu ekki úthald í lengri tíma. Þau voru orðin svöng og þreytt svo við flýttum matartímanum. Þegar leið á veturna og börnin voru orðin öruggari og úthald aukist seinkuðum við matartímanum og borðuðum um kl 11:15 svo fóru börnin inn í hvíld.

Aðlögun

Á Sunnuás erum við með þátttökuaðlögun.

Foreldrarnir fylgja börnunum sínum í þrjá daga og taka þátt í öllu starfi deildarinnar þessa daga.

Á fjórða degi koma foreldrarnir með börnin og kveðja þau, það fer síðan eftir hverju barni hversu langur fyrsti dagur eftir aðlögun verður.

Oft er aðlögunin erfiðari fyrir foreldra en börnin og því gefur þátttökuaðlögunin foreldrum gott tækifæri til að kynnst leikskólanum, starfsfólkinu, öðrum foreldrum og börnum betur. Tekin voru 5 börn inn í einu, erum við sammála um að það sé nægilega stór hópur í einu þar sem mörg barnanna eru að koma að heiman og hafa ekki verið hjá dagforeldrum og því er leikskóladvölin oft erfið fyrir þau í byrjun. Betra er að hafa minni hópa og geta gefið börnunum þá athygli og sinnt þörfum þeirra betur. Eins er líka nauðsynlegt að vera á gólfinu hjá þeim þá leita þau frekar til okkar og gefa okkur tækifæri á að kynnst sér betur. Það þarf líka að athuga að við erum að kenna foreldrum hvernig er best að kveðja börnin en með svona ung börn þá er betra að hafa kveðjustundina stutta, það þola ekki öll börn að foreldrar stoppa lengi. Það er alltaf hægt að hringja í okkur og fá upplýsingar og eins tala við okkur þegar barnið er sótt.

Fataherbergið

Það fara 4 börn inn í fataherbergi í byrjun og eru klædd og hvött til að reyna að klæða sig sjálf. Við förum líka með fötin inn á deild og klæðum þar. Fyrsti starfsmaðurinn fer svo út þegar 4 börn eru tilbúin. Þetta gefur þeim tíma til að reyna sjálfum. Við setjum orð á fötin og athafnir svo það er líka málörvun í leiðinni. Þegar börnin koma inn eru þau hvött til að byrja að renna niður sjálf og hjálpa sér aðeins sjálf.

Útivera

Farið er út fyrir hádegi á hverjum degi í um það bil klukkustund. Ekki er farið út þegar veður er slæmt eða mikil hálka er í garðinum okkar. Markmið með útiveru er fyrst og fremst að börnin fái að hreyfa sig. Eins fá þau tækifæri til að kynnst náttúrunni, sandi, mold, fuglum eins og krumma sem þau eru fljót að kynnst. Við setjum niður kartöflur og ræktum blóm af fræjum sem við plöntum út á vorin. Börnin eru líka að læra að fóta sig í stígvélum og kuldaskóm í útiveru en sum þeirra kynnst þessu bara í leikskólanum.

Útikennsla

Fyrst á haustin er útikennsla fyrir svona ung börn bara að vera í garðinum okkar og læra að fóta sig og ganga úti. Þegar leið á veturinn ætluðum við að æfa okkur í að fara í stóra garðinn og í gönguferðir þar og fylgja reglum. Útikennsla féll að mestu leiti niður eftir áramót vegna veikinda starfsfólks. Útikennslu verður haldið áfram með því sniði að fara út fyrir litla garðinn um áramót þar sem það hefur gefist vel fyrir barnahópin.

Hádegismatur

Matartíminn er róleg stund þar sem hvert barn hefur sitt sæti við matarborðið. Er alltaf sami starfsmaðurinn sem er með matarborðið. Þetta er róleg stund þar sem börnin fá tíma til sjálfshjálpar. Flest börnin voru með stútkönnur í byrjun en þegar leið á veturinn þá voru allir farnir að drekka út glasi. Börnin fengu að skammta sér sjálf morgunmat og í hádeginu notuðu þau hníf og gaffal. Í kaffinu voru þau farin að smyrja sjálf. Mörg

barnanna kunnu ekki að nota t.d gaffal og skeið í leikskólabyrjun og borðuðu þá með höndunum og sum hjálpuðu sér ekki neitt sjálf. Við viljum því nota fyrri part vetrar til að leggja inn hjá þeim sjálfshjálp þ.e að nota gaffal, skeið, hníf og glas. Að hjálpa sér sjálf með hvatningu og kennslu til að nota áhöld en ekki hendur.

Þegar börnin voru orðin örugg og farin að þekkja hvernig dagurinn gekk þá vorum við líka með þjón vikunnar sem fór með okkur inn í eldhús að sækja matinn. Við megum vera duglegri að leyfa þjónunum að leggja á borð með okkur. Börnin ganga líka frá diskunum sínum á matarvagninn þegar þau eru búin að borða. Flest eru þau að gera þetta í fyrsta sinn.

Samverustund

Samverustund er alltaf fyrir hádegi þegar komið er inn úr útiveru. Ýmist er lesið, sungið eða við æfum okkur hvað líkamshlutarnir á okkur heita og litunum. Við syngjum mjög mikið á Dyngju sem er nauðsynlegt fyrir málörvun. Við notum líka mikið af táknum í lögum. Eins syngjum við mikið af Lubbalögum. Börnin hafa mjög gaman af að syngja og vera í samverustundum og nota það stundum í leik að setjast á gólfið og stjórna samveru. Við ætlum að halda áfram eins og við höfum verið að gera og meta hversu langan tíma börnin þola í einu en það getur verið misjafnt eftir dagsforminu hjá þeim.

Málörvun

Við leggjum orð á allt og erum með stafróið upp á vegg. Við syngjum mikið lubbalögin og förum í stafina og hljóðin þá og hver á hvaða staf. Eftir áramót fóru börn af erlendum uppruna að fara í skipulagða málörvunarhópa 1 sinni í viku.

Samskipti

Við teljum að við séum í góðum samskiptum við foreldrana og börnin. Góð samskipti við foreldra og börnin er grundvöllur fyrir góðu samstarfi. Ef börnunum líður vel hjá okkur þá líður foreldrunum líka vel.

Móttaka og kveðja

Miklu máli skiptir að taka vel á móti öllum börnunum og kveðja vel. Börnunum líður þá betur og foreldrum líka. Foreldrar taka því oftast vel að börnin geta orðið leið ef það er stoppað of lengi en það er alltaf velkomið að hringja. Við gefum foreldrum góðan tíma til að fá upplýsingar þegar börnin eru sótt.

Lýðræði

Börnin eru að koma frá misjöfnum heimilum og aðstæðum. Öll börn eru jöfn. Við reynum að framfylgja þörfum allra barnanna á deildinni og leyfa öllum börnunum að virkja hæfileika sína og taka virkan þátt í starfinu. Við ætlum að halda þessu áfram og efla börnin í að verða sjálfstæðir einstaklingar.



Hópastarf

Listasmiðja

Haustið 2018 var farið lítið í Listasmiðju. Við reyndum þó að hafa listsköpun inni á deild. Eftir áramót þá fórum við með hópa inn í Listasmiðju. Við viljum haga þessu eins næsta skólaár. Leggja inn efniviðinn fyrir börnin fyrst inni á deild þar sem stólarnir í listasmiðjunni eru of háir fyrir svona lítil börn. Eftir áramót þá ætlum við að fara aftur með hópa inn í Listasmiðju.

Hreyfirými

Við erum með stóra púðakubba sem eru mismunandi í laginu. Við fórum með hópa þangað inn og gekk það misvel. Vegna veikindaleyfa þá datt hreyfirýmið svolítið niður.

Búningagerð

Eftir áramót var farið í búningavinnu fyrir öskudaginn. Sú vinna fór að mestu fram inni á deild og gekk mjög vel. Það var enginn saumaskapur þetta árið heldur var meira heftað og límt. Börnin voru mjög ánægð með búningana sína.

Könnunarleikur

Könnunarleikur er leikur þar sem börnin fá verðlaust efni til að leika sér með. Hlutverk starfsmannsins er ekki að vera þátttakandi heldur að fylgjast með og skrá. Leikurinn féll of mikið niður. Við ætlum að halda áfram með hann og ekki láta hann falla niður.

Yfir höfðuð gekk vel hjá okkur á Dyngju og Álfabrekku. Þátttökuaðlögun að hausti gekk vel. Í upphafi leikskólagöngu er lögð áhersla á að börnin aðlagist vel, kynnist starfsfólkinu og umhverfinu. Við vorum með skapandi starf en það var misjafnt hvort það fór fram inni í listasmiðju eða inni á deild. Allir náðu að búa til nokkur sköpunarverk til að börnin gætu valið hvað þau vildu gefa í jólagjöf. Frjálsa leiknum var gefinn góður tími. Farið var í könnunarleik, leik í hreyfirými og listasmiðju. Börnunum var skipt upp í litla hópa og gekk það ágætlega. Í upphafi dags er skipulagt starf þegar börnin eru óþreytt og eftir það fara allir út að leika sér.

Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Umbótaþættir

Sjálfshjálp

Markmið með umbótum

Að börnin noti hnífapör glas og hjálpi sér sjálf

Aðgerðir til umbóta

Við borð, fataherbergi og í öllu starfi inni á deild

Tímaáætlun

Haust 2019- vors 2020

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri

Endurmat; hvencær og hvernig

Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum. Í desember og apríl

Viðmið um árangur

Farin að nota gaffal og skeið og smyrja brauð með hníf.

Geti klætt sig í regnbuxur, sokka og stígvél að mestu leyti sjálf.

Umbótaþættir

Samskipti

Markmið með umbótum

Kenna börnunum samskipti við önnur börn og fullorðna

Aðgerðir til umbóta

Í leik og starfi

Tímaáætlun

Allt leikskólaárið

Ábyrgðaraðili

Starfsfólk deildarinnar

Endurmat; hvencær og hvernig

Með ljósmyndum, skráningu og á deildarfundum. Í desember og apríl

Viðmið um árangur

Að þau eigi eðlileg og aldurssamsvarandi samskipti við önnur börn og fullorðna. Í lok leikskólaárs

2.2. Greinargerð deildarstjóra Langholts (árgangur 2016) um starfið á síðasta ári

Langholt

Innra mat

Á Langholti voru 19 börn þegar flest var og fæst 16 börn yfir síðasta ár.

Starfsmannahópurinn gekk í gengum miklar breytingar yfir árið og var því oft erfitt að vinna að umbótaþáttum.

Umbótaþættir sem ákveðnar voru og unnið var að þetta síðasta ár voru sjálfræði við matarborð, samskipti barnanna og útikennsla. Endurmat á þessum þáttum gekk erfiðlega fyrir sig þar sem miklar breytingar voru á starfsmannahóp, en starfið var í rétta átt.

Sjálfhjálp við matarborð tók miklum framförum og eru börnin farinn að gera mest sjálf og kunna vel að nota hnífapör og sína aukið öryggi. Samskipti barna á milli í hafa tekið framförum. Lögð var áhersla á að börnin noti málið í samskiptum sín á milli.

Erfiðlega gekk að halda áætlun í útikennslu vegna forfalla í starfsmannahópnum eins átti það við annað skipulagt hópstarf. Strax í upphafi skólaárs mátti sjá að færni barnanna að klæða sig sjálf t.d í útiföt var ekki mikil. Áhersla var því lögð á að auka færni þeirra og áhuga til að klæða sig.

Umbótapættir

Útikennsla

Markmið með umbótum

Að farið verði í útkennslu reglulega

Aðgerðir til umbóta

Aðstaða til útikennslu innan lóðar leikskólans hefur verið löguð, og svo þó að ekki sé tók á að fara í ferð út fyrir lóð þá er hægt að vinna verkefni innan lóðar. Stefnt verður að því að fara eins oft út fyrir lóð og hægt er.

Tímaáætlun

September - Maí

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri

Endurmat; hvenær og hvernig

Endurmat mun fara fram á fyrsta deildarfundum hvers mánaðar og farið verður þá yfir hvort útikennsla hafi farið fram og hversu oft. Æskilegt væri að hvert barn kæmist að minnsta kosti 2x í mánuði og oftast ef hægt er

Samvera

Markmið með umbótum

Að samvera haldist reglulegur liður í dagskipulagi og þar verði unnið markvisst með söng, bókalestur og fleira

Aðgerðir til umbóta

Þegar vantar starfsfólk hefur samveran oft fengið að finna fyrir því, börnin fá þá frekar að leika og sungin eru nokkur lög á meðan lagt er á borð. Oft hefur hópnum verið skipt í tvennt í samveru en ekki alltaf, það mun nú verða að venju og þá verður a.m.k. einn starfsmaður með hvorn hóp. Valdar verða bækur eða ákveðin lög fyrirfram svo samræmi sé í hópnum. Samveran mun hafa ákveðna tímalengd en ekki ákvarðast af því hvenær maturinn er til, frekar skal bíða með að sækja matinn

Tímaáætlun

Ágúst - Maí

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildar

Endurmat; hvenær og hvernig

Endurmat mun fara fram á deildarfundum þar sem samvera og innihald hennar munu verða fast umræðuefni

2.3. Greinagerð deildarstjóra Áss (árgangur 2015) um starfið á síðasta ári

Innra mat

Niðurstöður

Leikskólaárið 2018 - 2019 voru 16 börn á Ás. Börnin eru fædd 2015 og komum saman af tveimur yngri deildum leikskólans. Haustið fór í að kynna hvort öðru og vinna saman, rækta vináttu og æfa sjálfstjórn. Við höfum verið dugleg að nota þau tækifæri sem hafa gefist til ferða, hvort sem var í styttri eða lengri gönguferðir, svo og strætóferðir. Við vinnum samkvæmt umhverfismarkmiðum leikskólans. Við flokkum rusl og það sem tilfellur frá okkur, plast, pappír, úrgangur og almennt rusl. Við höfum moltutunnu í garðinum, og núna í vor voru grænmetiskassarnir okkar og moltutunnan færð á betri stað sem gefur okkur betra rými til útikennslu. Börnin fara með kennara til að losa tunnur, og eru börnin mjög meðvituð um flokkun.

Veturinn gekk vel, við vorum með góðan stöðugleika á deildinni.

Markmið síðasta vetur var að börnin væru sjálfstæð og við höfum verið að vinna með virðingu og efla sjálfræði barnanna. Þ.e. að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þær leiðir sem við förum er að barn hjálpi sér sjálf, klæði sig í og úr, börnin leitist við að aðstoða hvort annað, og getið beðið hvort annað og kennara um hjálp, þegar þess þarf. Það er einnig mikilvægt að hugsa um umhverfið sitt, bæði varðandi hvernig við göngum um náttúruna og svo deildina okkar, við hjálpumst að við að þrifa, og halda deildinni okkar í góðu lagi eins og við hjálpumst að við að halda jörðinni okkar hreinni með að flokka og hugsum um matarsóun, skömmtum rétt á diskinn. og endurnýtum hluti.

Börnin hafa verið dugleg að sá, við notum fræ úr grænmeti sem við höfum fengið og einnig nýtum við ávaxtasteina úr ávöxtunum sem við borðum í leikskólanum. Eins hafa verið keypt fræ. Börnin hafa farið heim með blóm sem þau hafa sáð fyrir og svo höfum við blóm hér í leikskólanum, Við erum núna að bíða eftir að tómatarnir stækki og verði rauðir, Sólblómin okkar hafa stækkað og blómstrað í sólinni, eins og börnin. Frjálsi leikurinn fékk mikið rými, því við teljum hann afar mikilvægan þátt í þroska barnsins, þar lærir barn að takast á, vinna úr og leika reynslu sína, æfa vináttu og skiptast á.

Sköpun er fastur liður í dagsrútínunni, börnin hafa frjálsan aðgang að opnum efnivið inn á deild, og geta gengið í hann eins og passar hverju sinni, það er hægt að pússa spýtur, klippa líma, nota þann efnivið sem þau finna og vilja, mála, leira eða annað sem þeim dettur í hug.

Við höfum búið okkur til fastan tíma, fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum, spinnum, förum í leiki, búum til sögur og ljóð.

Eins höfum við notað „gefðu 10“ sem er aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjölyngd börn, sem eru að læra íslensku sem annað mál. Þessi aðferð hentar líka vel fyrir öll börn. Þar sem segir að þegar hinn fullorðni á frumkvæði að samskiptum við barnið fær það fleiri jákvæð og málörvandi tækifæri í leik og frjálsum aðstæðum. Með því að gefa 10 er verið að auka tækifæri barna til virkrar þátttöku í barnahópnum.

https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2019/02/Gefdu_10_Bæklingur_Frida_rvik.pdf



Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Næsta skólaár, verða tveir aldurshópar, börn sem fædd eru 2015 og 2016. 21 barn og 4 stöðugildi ásamt starfsmönnum fyrir sérkennslu og annað. Áfram verður unnið með sjálfstjórn og sjálfshjálp. Börnum verður skipt meira í hópa eftir aldri, við viljum byggja ofan á grunnin með eldri börnunum.

Haustið 2019 verður unnið með barnasáttmálann í leikskólanum og verkefni verða unnin eftir aldri barnanna. Síðasta vetur var veggspjald frá UNICEF sem sýnir barnasáttmálann myndrænt, uppi á vegg og hægt var að ræða um hann út frá myndum. Þetta er mikið og spennandi verkefni sem verður spennandi að fara markvisst í með börnunum. <https://barnasattmali.is/>

Umbótaþættir

Sjálfshjálp

Markmið með umbótum

Auka sjálfræði barnanna

Aðgerðir til umbóta

Hjálpa börnunum að hjálpa sér sjálf

Tímaáætlun

Tímabilið frá ágúst 2019 til maí 2020

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Yfir allt skólaárið, á mánaðarlegum deildarfundum

Viðmið um árangur

Að börnin geti hjálpað sér sjálf og/eða beðið um aðstoð. T.d. við matarborð og klætt sig í og úr. Skráning myndræn og skrifleg tekin saman í lok skólaárs. Sjálfstjórn 100%

Umbótaþættir

Sjálfstjórn

Markmið með umbótum

Börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Aðgerðir til umbóta

Hjálpa börnunum að koma athöfnum í orð. Börnin tjái tilfinningar sínar

Tímaáætlun

Tímabilið frá ágúst til maí 2020

Ábyrgðaraðili

Allir starfsmenn deildarinnar

Endurmat; hvenær og hvernig

Allt skólaárið - einu sinni í mánuði á deildarfundum

Viðmið um árangur

Börnin geti látið aðra vita um hvað þau vilja eða vilja ekki Skráning tekin saman í lok skólaárs myndræn og skrifleg skráning



2.4. Greinagerð deildarstjóra Langasands (árgangur 2015, 2014) um starfið á síðasta ári

Innra mat

Niðurstöður

Ákveðið var af starfsmönnum deildarinnar að meta málörvun og hvernig er unnið með lýðræði á deildinni starfsárið 2018-2019.

Markmiðið var að kenna lýðræðislega hugsun og að börnin upplifðu sig örugg, virt, frjáls og upplýst. Kynna átti barnasáttmálann fyrir börnunum. Fá sýn þeirra á lýðræði og vinna með þeim ýmis verkefni tengd lýðræðislegri hugsun. Börnin áttu líka að fá meiri stjórn á hvað væri í boði í valinu. Börnin áttu að taka þátt í endurmatinu með því að svara á myndrænan hátt hvernig unnið var með lýðræði á deildinni.

Margt var gert vel varðandi þetta ákveðna markmið en margt má bætt. Sýn og skoðanir barnanna eru oftast virtar og taka þau þau þátt í að skipuleggja dagsskipulagið t.d. hvaða efniviður er í boði hverju sinni. Þau fá að ákveða hvað er í boði í valinu og komu þau líka með hugmyndir varðandi útikennslu. Útivera var í boði 2x - 3x á dag og fannst börnunum frábært að fá að velja hvort þau væru inni eða úti í leik. Frjálst sætaval var því miður takmarkað vegna truflandi áhrifa á hópinn sem heild.

Barnasáttmálinn var sýnilegur inn á deild og notuðu kennarar hvert tækifæri til að spjalla um innihald hans en ekki var unnið með hann á markvissan hátt.

Endurmat barnanna sýndi að skoðanir þeirra séu virtar, en í endurmati barnanna kom fram að einu barni fannst að starfið í listasmiðjunni hafa verið of verkefnaðið, það er að segja því fannst það ekki hafa fengið að velja sér verkefni.

Markmiðið með málörvun var að efla

hljóðkerfisvitund, málskilning, auka orðaforða, athygli og einbeitingu. Lubbi finnur málbeinið átti að lesa einu sinni í viku. Sögustund á hverjum degi ásamt auka málörvunar hópum sem deildarstjóri eða annar starfsmaður átti að sjá um. Allir ofantöldu þættir hafa náðst fyrir utan að Lubbi finnur málbeinið var lesin einu sinni í mánuði í stað einu sinni viku.



Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Umbótaþættir

Vinátta og samkennd

Markmið með umbótum

Efla vináttu og samkennd í barnahópnum.

Aðgerðir til umbóta

Skipta börnunum upp í minni hópa þar sem kennari leiðir hópinn í gegnum ýmsa leiki og verkefni þar sem markmiðið er að efla vináttu og samkennd meðal barnanna.

Hugmynd af vináttuverkefni:

Tilgangur verkefnisins er að mynda umræðu um eiginleika og kosti vina. Til að vinna verkefnið þarf pappír og túss.

Framkvæmd

Teikna skal útlínur barns (eða sætan piparkökukall) á pappír. Ráðgjafi/kennari og nemandi vinna í sameiningu að því að útbúa „vin“ með því að teikna eða skrifa á blaðið eiginleika sem góður vinur þarf að hafa.

Eftirfarandi spurningar er hægt að styðjast við:

- Hvað merkir það að vera góður vinur?
- Hvað myndi góður vinur segja eða gera?
- Hvernig svip á andlitinu hefur góður vinur?
- Hvaða eiginleika myndi góður vinur hafa?

Næst á nemandinn að bera sína eiginleika við þá sem einkenna góðan vin. Ræða skal um hvaða vinæiginleika nemandinn þarf að styrkja hjá sjálfum sér og gera áætlun/markmið, með þrepum um hvernig hann getur farið að því.

Tímaáætlun

September - maí

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri

Endurmat; hvencær og hvernig

Endurmat fer fram á deildarfundum 2x í mánuði þar sem kennarar fara yfir hópastarfið og árangur þess svo í lok tímaáætlunar munu börnin meta starfið á myndrænan hátt.

Viðmið um árangur

Sýn starfsmanna um árangur og að meirihluti barna hafa tileinkað sér markmiðið.



2.5. Greinagerð deildarstjóra Hlíðarenda um starfið á síðasta ári (árgangur 2014, 2013)

Innra mat

Niðurstöður

Skólaárið 2018-2019 voru á deildinni 16 börn fædd 2013 og 11 börn fædd 2014. Það var mikið um mannabreytingar og veikindi og setti það svip á starfið. Ekki náðist að fara í ferð í hverri viku eins og ákveðið hafði verið. Farið var í ferðir þegar tækifæri gáfust og voru þær fjölbreyttar. Eftir hverja ferð var farið í samveru þar sem ferðin var rædd og skráð með orðum barnanna. Einnig teiknuðu börnin mynd og sögðu frá sinni upplifun.

Þessar skráningar ásamt ljósmyndum fara í ferðamöppuna þeirra sem þau taka með sér heim í lok skólaárs.

Ekki var farið í listasmiðju eins oft og við vildum. Þess í stað var ákveðið að taka meira af skapandi efnivið inn á deild og leyfa börnunum að nota hann við ýmis tækifæri. Einnig var mikil áhersla lögð á búningagerð. Börnin ákváðu hvað þau vildu vera, teiknuðu mynd, völdu sér efni og bjuggu til búning með aðstoð kennara. Í þessu ferli fékk hugmyndaflug og sköpunargleði barnanna að njóta sín.

Erfitt reyndist að koma fyrir markvissri málörvun í litlum hópum. Þess í stað var reynt að vinna með rím, samstöfur, samsett orð og annað sem snýr að hljóðkerfisvitund í samverustundum í stærri hópum. Einnig var reynt að vinna með þessa þætti við ýmis önnur tækifæri, eins og við matborðið, í fataklefunum og í ferðum. Stefnt er að því að bæta úr þessu á næsta skólaári, skipta börnum upp í hópa út frá niðurstöðum úr HLJÓM-2 eins og áætlað var á líðandi skólaári.

Á þessu skólaári var unnið töluvert með sjálfsmynd barnanna og ýmsar tilfinningar. Börnin fengu tækifæri til að skoða sig sjálf, drauma sína og óskir.

Umbótaþættir skólaárið 2019 - 2020

Umbótaþættir

Hópastarf

Markmið með umbótum

Að hafa markvisst hópastarf, þar sem börnin vinna áhugaverð og fjölbreytt verkefni í barnahóp. Læra að vinna saman og að tilheyra hópnum.

Aðgerðir til umbóta

Skipuleggja hópastarf einu sinni í viku.

Tímaáætlun

September til maí

Ábyrgðaraðili

Deildarstjóri ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt. Framkvæmd er í höndum alls starfsfólks deildarinnar.

Endurmat; hvenær og hvernig

Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum.

Viðmið um árangur

Að barnið upplifi sig sem hluta af hópnum og fái aukið sjálfstraust í að leysa fjölbreytt verkefni.

Umbótaþættir

Málörvun út frá niðurstöðum HLJÓM-2

Markmið með umbótum

HLJÓM-2 er skimun sem er lögð fyrir elstu börn leikskólans til að meta hljóðkerfis- og málvitund þeirra. Niðurstöður úr henni gefa vísbendingar um hvernig börnunum mun ganga að læra að lesa. Mikilvægt er að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

Aðgerðir til umbóta

Skipta börnum í hópa út frá niðurstöðum Fara vel í þá þætti sem þau vantar uppá. Vinna markvisst með rím, samstöfur, samsetningu orða, þulur, orð vikunnar, hlustun o.fl. til að efla hljóðkerfisvitund. Nota ýmis spil og leiki. Nýta öll tækifæri í daglegu starfi.

Tímaáætlun

Október til maí

Ábyrgðaraðili


Deildarstjóri ber ábyrgð á að koma með kennslufni og að þessu sé framfylgt

Endurmat; hvenær og hvernig

HLJÓM-2 tekið aftur í febrúar með þeim börnum sem komu ekki nógu vel út í október. Ef þau hafa ekki náð tilætluðum árangri þarf að prófa þau aftur í maí.

Viðmið um árangur

Að börnin nái meðal- eða góðri færni í öllum þáttum HLJÓM-2 áður en þau ljúka leikskólagöngu.



3. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Á þessu tímabili voru 8 börn með úthlutaðan tíma til sérkennslu/ stuðnings.

Þar af var einn einhverfur drengur í 1. flokki með 8 tíma stuðning daglega og tveir einhverfir drengir með 6 tíma stuðning

Hin börnin fengu úthlutað samkvæmt öðrum flokki og fengu mismunandi mikinn tíma.

Þeir sem störfuðu við sérkennsluna á þessu tímabili voru einn sérkennslustjóri og sex sem störfuðu við sérkennslu.

Einn sérkennslustjóri í 100 % starfi, menntaður þroskajálfi með framhaldsnám.

Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.

Lögð er áhersla á að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að hjá barni í leikskólanum. Málörvun fer fram inni á deildum og í öllum aðstæðum. Lögð er áhersla á að starfsmenn deilda gefi sig sérstaklega að þeim börnum sem eiga erfitt með

málið, stutta stund á degi hverjum- „ Gefa 10“ Rætt er um að setja orð á alla hluti. Einnig eru notaðar Pecs myndir og ljósmyndir til að hafa skilaboðin skýrari fyrir þá sem þess þurfa. Starfsmaður í 50 % starfi sinnti tvítyngdum börnum sérstaklega og fór á milli deilda.

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?

Sérkennslustjóri ásamt þeim sem sinna sérkennslu, ráðgjafar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í samráði við deildarstjóra.

Námskráin er nýtt til að meta framfarir barnsins og ný markmið eru sett þegar barnið hefur náð þeim markmiðum sem eru í áætluninni.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna sem njóta sérkennslu.

Sérkennslustjóri og stuðningsaðili barnsins mætir á slíka fundi auk deildarstjóra og stundum kemur leikskólastjóri líka. Sérkennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöð eru oftast með á þessum fundum en ekki alltaf.

Það er misjafnt hversu oft þarf að funda út af hverju barni sem nýtur sérkennslu en algengt er að hittast á 6 vikna fresti. Þetta er metið með sérkennsluráðgjöfum, deildarstjórum og foreldrum.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir:

Sérkennslustjóri heldur utan um samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir sem að sérkennslu koma. Í Sunnuás koma tveir sérkennsluráðgjafar reglulega eða á ca. 6 vikna fresti til að fylgjast með hverju barni sem er í sérkennslu. Auk þess koma sálfræðingar til að meta börn og veita ráðgjöf þegar þörf er á.

Varðandi aðrar stofnanir þá er haft samband við talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjuþjálfara. Einnig er samstarf við skammtíma vistarir þegar það á við.

Heilsugæslustöðvar hafa oft samband við okkur og tala þá ýmist við deildarstjóra eða sérkennslustjóra.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

Sérkennslustjóri situr fundi með deildarstjórum á hverjum morgni þar sem færi gefst á að fara yfir verkefnastöðu dagsins/ vikunnar. Einnig situr sérkennslustjóri deildarstjórafundum og starfsmannafundi.

Sérkennslustjóri leggur áherslu á að deildarstjórar hafi samband ef áhyggjur vakna varðandi ákveðin börn. Unnið er eftir ákveðnu ferli í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Snemmtæk íhlutun fer eftir vandamálum hverju sinni en algengast er að um sé að ræða málerfiðleika, þroskaskerðingu eða erfiða hegðun. Ráðgjöf og stuðningur fer eftir eðli mála en oft er leitað til sálfræðinga eða sérkennsluráðgjafa.

Þeir sem sinna sérkennslu fá stuðning og leiðbeiningar frá sérkennslustjóra eins og þurfa þykir og sækja ýmis námskeið.

Dæmi um námskeið eru: Námskeið um atferlisþjálfun og eða skráningarnámskeið hjá Greiningar og ráðgjafarstöð, Pecs námskeið, námskeið í að nota VB Mapp, námskeið í að nota Aeps listann og Tras listann.

Umbótaþættir í sérkennslu út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsár:

Að þeir sem sinna sérkennslu sitji deildarfundum til að upplýsa um hvaða þætti er verið að leggja áherslu á hverju sinni og leita leiða um samstarf um þá.

Að sá aðili sem vinnur með tvítyngdu börnin leggi áherslu á þá þætti sem deildin vinnur með hverju sinni.

Að stuðningsaðili og deildarstjóri sjái til að allir á viðkomandi deild þekki þau áherslu atriði sem unnið er með.

Lögð verði áhersla á að deildarstjórar hafi aðgang að sérkennslustjóra / leikskólastjóra þegar þess gerist þörf í daglegu starfi. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri fundi með hverjum og einum deildarstjóra á 4-6 vikna fresti.

4. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Unnið er að því að börnin öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál/heimamál sitt um leið og þau eru studd í því að ná árangri í íslensku. Foreldrar eru hvattir til að nota móðurmál sitt og lesa heima með barninu en í leikskólanum er lögð áhersla á íslenskuna. Ýmsar aðferðir eru notaðar í þessu samhengi. Tungumál er tengt við daglegt starf og starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að setja orð á alla hluti og athafnir í daglegu starfi í leikskólanum.

Unnið er með bókina „Lubbi finnur málbein“ á öllum deildum leikskólans og er nýtt til málörvunar. Unnið er með litla hópa í samverustundum þar sem er lesið, leikið og börnin virkjuð í samræðum. Ritmál er sýnilegt í umhverfi leikskólans og hlutir eru merktir.

Unnið er með Sögugrunn, sögutöskur, loðtöflur, ljósmyndir og fleira.

Börn koma með bók að heiman (bókaormar). Bókin er skoðuð eða lesin með starfsmanni og barninu gefst færi á að sýna hinum börnunum bókina og segja frá.

Heimamenningarverkefni: Börnin skiptast á að fara heim með bangsa/mjúkdýr sem tilheyrir hverri deild. Barnið hefur bangsann/mjúkdýrið heima hjá sér yfir helgi og þegar það kemur til baka í leikskólann segir það börnunum á deildinni frá hvað þau hafa upplifað saman í máli og myndum.

Starfsmenn nýta sér ýmsar viðurkenndar aðferðir til að finna út hvar barnið stendur í íslensku máli. Má þar nefna Orðaskil, Tras listann, Ljáðu mér eyra - myndræna orðabók, „Einn leikskóli mörg tungumál“, leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli höf: Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir og fleira.

5. Starfspróunarsamtöl og fræðsla

5.1 Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarsamtöl fóru fram við deildarstjóra í janúar síðastliðnum og í framhaldi af þeim viðtölum var ráðgert að taka aðra starfsmenn í viðtöl en vegna mikilla forfalla og anna við starfsráðningar tókst ekki að halda þeirri áætlun. Í mars fór leikskólastjóri í veikindaleyfi sem stóð yfir þrjú mánuði og þá voru sumarleyfi hafin er leikskólastjóri kom til starfa.

Starfspróunarsamtöl á komandi skólaári eru áætluð í nóvember og janúar.

5.2 Símenntun frá síðasta ári

Ársfundur FL/ Máltaka barna í breyttu málumhverfi - Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, og Iris Edda Nowenstein, talmeinafræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands.

Einn deildastjóri sótti námskeiðið

-*Geðrækt í skólastarfi - Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Landlæknisembættinu.* Einn deildastjóri sótti námskeiðið

-*Barnasáttmálinn í leikskólanum - Starfsmenn UNICEF.* Fjórir deildastjórar sóttu námskeiðið

-*Sjálfsfelling og félagsfærni - Alda Ingibergsdóttir sálfræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið.* Fimm deildastjórar sóttu námskeiðið

-*Fyrirlestur á skipulagsdegi - Fríða Bjarney Jónsdóttir, Deildarstýra*

Nýsköpunarmiðju Menntamála. Allir starfsmenn tóku þátt

-*Ráðstefna 5 day residential training course 1- 5 April 2019 Thessalonika, Greece*

-*Resaption project.* Tveir deildastjórar sóttu ráðstefnuna

-*Stærsti hluti starfmannahópsins fór námsferð til Berlínar dagana 1-4.mái Þar sem hópurinn sótti*

*Heildags listnámskeið í **Kunstschule Freiraum** í umsjón Ulrike von Gültlingen.*

Einnig kynnti hópurinn sér starfsemi og kenningar og starfsemi Fröbel

Shatzinsel leikskólans í Berlín.

-*Þeir starfsmenn sem eftir voru heima kynntu sér starf og hugmyndafræði*

þriggja leikskóla en þeir voru Jöklaborg, Rauðhóll og Seljakot

í þessum leikskólum fengu starfsmennirnir kynningu á hugmyndafræði Beritar Bae, Reggio Emilie og flæði.

5.3 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2018-2019

Leikskólakennarar sækja ráðstefnur og námskeið innanlands og utan eins og kostur gefst.

Allir starfsmenn taka þátt:

Námskeiðum og fyrirlestrum sem eru í boði hjá SFS

Námskeið um notkun á Lubba-námsefni

Barnasáttmálinn/ Réttindaskóli - fyrirlesari Ellen Calmon verkefnisstýra um

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á Nýsköpunarmiðju skóla- og frístundasviðs

Reykjavíkurborgar.

Skyndihjálpar námskeið

6. Foreldrasamvinna

6.1 Foreldraráð

Í foreldraráði Sunnuáss eru að í það minnsta fimm fulltrúar foreldra barna og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð í september ár hvert á þar til boðuðum fundi. Foreldraráð leikskólans setur sér starfsreglur í samræmi við leiðbeinandi reglur Skóla og frístundasviðs. Ráðið skiptir með sér verkum og fundar reglulega yfir skólaárið. Ráðið veitir umsagnir um þær breytingar á starfsemi leikskólans sem upp geta komið.

6.2 Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir að hausti, í upphafi dags og eru deildarskiptir. Fundirnir eru nýttir til að kynna fyrir foreldrum fyrirkomulag dagskipulags og námskrá vetrarins af viðkomandi deildarstjóra.

6.3 Foreldrasamtöl

Foreldrar eru boðaðir í tvö samtöl á hverju skólaári og samstarf haft við þá um fleiri samtöl ef þurfa þykir.

6.4 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og aðalfundur þess er haldinn snemma á haustönn hvers leikskólaárs. Á aðalfundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og reynt eftir fremsta megni að í stjórnina fái fulltrúar frá öllum deildum leikskólans. Í stjórn félagsins situr jafnframt einn fulltrúi leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins skal móta dagskrá komandi leikskólaárs á fyrsta fundi sínum eftir að hún kemur saman. Stjórnin tekur mið af hefðum og viðburðum fyrri ára. Foreldrafélagið hefur á undanförunum árum staðið fyrir ýmsum viðburðum barnanna til handa s.s leiksýningum, jóladansleik og ásamt því hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftaferð elsta árgangs leikskólans. Þátttaka foreldrafélagsins í viðburðum tekur ávallt mið af fjárhagslegri stöðu þess. Í foreldrafélagið er innheimt árgjald sem er valfrjálst.

7. Samstarf leik- og grunnskóla

Áherslur

Leikskólarnir Sunnuás, Brákarborg, Langholt og Vinagarður standa sameiginlega að samstarfi við Langholtsskóla og frístundamiðstöðina Gláðheima.

Markmið

Að börnin finni fyrir öryggi gagnvart grunnskólanum og frístund þegar þau flytjast milli skólastiga. Að þau kynnist nýju umhverfi og þeim börnum frá leikskólum hverfisins sem þau koma til með að vera með í Langholtsskóla.

Að styrkja samstarf milli kennara leik- og grunnskóla hverfisins og auka innsýn í starfsvettvang hvers annars.

Leiðir

Áætlun vegna samstarfs Sunnuáss og Langholtsskóla er að mestu í föstum skorðum og er nokkuð keimlík frá síðasta skólaári.

Má þar m.a. nefna að elstu börn leikskólanna í hverfinu fara í heimsókn í Langholtsskóla í tilefni Dags íslenskrar tungu. Þar eru allir hóparnir með atriði og fulltrúi Langholtsskóla er með kynningu um Jónas Hallgrímsson.

Í desember er elsta árgangi barna í leikskólunum boðið í Langholtsskóla að sjá jólaleikrit 6. bekkjar.

Í janúar koma nemendur í 1. bekk ásamt kennurum í heimsókn í gamla leikskóla barnanna. Þau leika sér saman og 1. bekkur afhendir boðskort vegna væntanlegrar skólaheimsóknar. Nemendur úr 7. bekk koma í heimsókn í leikskólana í mars og lesa fyrir börnin.

Elstu börn leikskólanna og nemendur í 1. bekk hittast við ýmis tækifæri eins og á stóra leikjadesginum í Langholtsskóla og í Laugardalnum og skreyta tré.

Skólastjóri í Langholtsskóla tekur á móti leikskólabörnunum þegar þau koma í fyrstu heimsókn og sýnir þeim skólann.

Samráðsfundur kennara beggja skólastiga er haldin að vori, fundarefni er endurmat samstarfsins á líðandi skólaári og næsta skóla skipulagt.

Frístundamiðstöðin Gláðheimar er þátttakandi í samstarfinu, heimsóknir barnanna þangað eru skipulagðar yfir skólaárið þar sem þau kynnast umhverfinu og starfsfólki. Samstarfsverkefnið hlaut Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs.

Nýjungar

Langholtsskóli er þátttakandi í þróunarverkefni sem fjallar um hvernig hægt er að koma í veg fyrir brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Það ber yfirskriftina „Reception project“ <http://receptionproject.eu/>. Leikskólinn Sunnuás tekur þátt í þessu verkefni og sóttu deildarstjórar Langasands og Hlíðarenda ráðstefnu sem haldin var í Grikklandi í byrjun apríl 2019. Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá þremur öðrum leikskólum í hverfinu og frístundarmiðstöðinni Glæðheimum ásamt fulltrúum frá Noregi, Danmörku, Írlandi, Englandi, Grikklandi og Króatíu.

8.Skipulagsdagar

Mánudagurinn	19. ágúst 2019
Föstudagurinn	04. október 2019
Föstudagurinn	22. nóvember 2019
Föstudagurinn	17. janúar 2020
Föstudagurinn	20. mars 2020
Föstudagurinn	08. maí 2020



9. Fylgiskjöl

- 1.1 Fylgiskjal – Skóladagatal
- 1.2 Fylgiskjal - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 1.3 Fylgiskjal - Niðurstöður endurmats starfsmanna
- 1.4 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Sunnuás
16.september 2019
Ólöf Helga Pálmadóttir
Leikskólastjóri




skoladagatal_2019-
2020.pdf

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	6-7	Eitt þeirra er komið með tímabundinn stuðning frá 1. apríl og þar til sumarleyfi byrjar. Hin bíða nánari athugunar.
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	6-7	Einn af þeim sinnir sérkennslu tímabundið frá 1. maí fram að sumarleyfi.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins. Talmeinafræðingar og Æfingastöðin (iðju/ sjúkraþjálfar). Einnig skammtí mavistun Álfalandi.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Q1 Unnið var markvisst með sögu Bóndadags inni á minni deild


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög lítið	36.36% 8
Lítið	40.91% 9
Hlutlaust	13.64% 3
Mikið	0.00% 0
Mjög mikið	9.09% 2
TOTAL	22

Q2 Ég fékk tíma til að kynna mér sögu Bóndadags og var vel undirbúin/n


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög ósammála	40.91%	9
Ósammála	22.73%	5
Hlutlaus	27.27%	6
Sammála	0.00%	0
Mjög sammála	9.09%	2
TOTAL		22

Q4 Var karlakaffið á heppilegum tíma (14:30-16:30)

Answered: 22 Skipped: 0




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	68.18%	15
Nei	31.82%	7
TOTAL		22

#	EF NEI, Á HVADA TÍMA MYNDIR ÞÚ VILJA HAFA ÞAÐ NÆST	DATE
1	Of langur tími og ekki heppilegt að hafa karlakaffið eftir kl 16:00	3/22/2019 9:14 AM
2	Sama tíma og Konukaffi	3/22/2019 9:14 AM
3	Var ekki var við marga og sennilega óheppilegur dagur þar sem flestir eru að halda upp á þennan dag í fjölskyldum vinahópum og Íþróttafélögum.	3/22/2019 9:04 AM
4	14-16	3/22/2019 9:03 AM
5	Var ekki þegar karlakaffið var	3/22/2019 8:59 AM
6	14:30 til 16	3/22/2019 8:56 AM
7	14:30-16.	3/22/2019 8:55 AM

Q3 Mér fannst gott úrval af Þorramat


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	86.36% 19
Nei	13.64% 3
TOTAL	22

Q7 Ætti karlakaffið að vera fastur liður í leikskólastarfinu í tengslum við Bóndadaginn


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	90.91% 20
Nei	9.09% 2
TOTAL	22

Q6 Var Karlakaffið nógu vel kynnt fyrir foreldrum

Answered: 21 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	95.24%	20
Nei	4.76%	1
TOTAL		21


Q8 Hvaða hugmyndir um úrbætur hefur þú fyrir næsta ár varðandi Bóndadaginn

Answered: 11 Skipped: 11

#	RESPONSES	DATE
1	Ekki endilega að tengja kaffið við kyn hafa fjölskyldukaffi	3/22/2019 9:14 AM
2	hafa það seinna. ekki hafa það á sama tíma og síðdegishressing, en þá þyrfti að vera með einhverjar aðrar veitingar	3/22/2019 9:14 AM
3	SAMA MEÐLÆTI	3/22/2019 9:13 AM
4	veit ekki	3/22/2019 9:05 AM
5	Fræða starfsfólk í litlu hlutfalli meira	3/22/2019 9:04 AM
6	karlakaffið á öðrum degi en sjálfur bóndadagurinn	3/22/2019 9:04 AM
7	ekkert	3/22/2019 9:03 AM
8	hafa veitingarnar eins fyrir konur og karla	3/22/2019 9:02 AM
9	Var ekki á bóndadeginum	3/22/2019 8:59 AM
10	Annan tíma og bara betur undirbúið,	3/22/2019 8:55 AM
11	Engar hugmyndir	3/22/2019 8:52 AM

Q9 Mér fannst Dagur Leikskólans nógu vel kynntur fyrir starfsfólki


Answered: 21 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	28.57% 6
Nei	71.43% 15
TOTAL	21

Q10 Það var unnið markvisst með Dag Leikskólans inni á minni deild

Answered: 21 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	28.57% 6
Ósammála	28.57% 6
Hlutlaus	19.05% 4
Sammála	9.52% 2
Mjög sammála	14.29% 3
TOTAL	21


Q11 Hvaða hugmyndir að úrbættum hefur þú fyrir næsta ár varðandi Dag Leikskólans

Answered: 12 Skipped: 10

#	RESPONSES	DATE
1	Taka þátt í ljóða/kvæða samkeppni á vegum KI.	3/22/2019 9:14 AM
2	Vera búin að tala meira um hann inni á deild og við aðra starfsmenn, vera búin að undirbúa eitthvað sameiginlegt	3/22/2019 9:14 AM
3	GERA MEIRA ÚR HONUM	3/22/2019 9:13 AM
4	veit ekki	3/22/2019 9:05 AM
5	ps. man bara ekkert eftir þessum degi	3/22/2019 9:04 AM
6	var ánægð með daginn á minni deild	3/22/2019 9:03 AM
7	ekki neina	3/22/2019 9:02 AM
8	Var ekki hér á degi leikskólans	3/22/2019 8:59 AM
9	þekki það ekki	3/22/2019 8:57 AM
10	Hvað er dagur leikskólans?	3/22/2019 8:55 AM
11	.	3/22/2019 8:53 AM
12	Var ekki á degi leikskólans	3/22/2019 8:52 AM

Q12 Unnið var markvisst með sögu Konudagsins inni á minni deild


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög lítið	31.82% 7
Lítið	31.82% 7
Hlutlaust	22.73% 5
Mikið	4.55% 1
Mjög mikið	9.09% 2
TOTAL	22

Q13 Ég fékk tíma til að kynna mér sögu Konudagsins og var vel undirbúin/n


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög ósammála	31.82%	7
Ósammál	40.91%	9
Hlutlaus	13.64%	3
Sammála	4.55%	1
Mjög sammála	9.09%	2
TOTAL		22

Q14 Var konukaffið á heppilegum tíma (15:00-16:30)

Answered: 22 Skipped: 0




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	72.73% 16
Nei	0.00% 0
Ef nei, á hvaða tíma myndir þú vilja hafa það næst?	27.27% 6
TOTAL	22

#	EF NEI, Á HVADA TÍMA MYNDIR ÞÚ VILJA HAFI ÞAÐ NÆST?	DATE
1	15:00 - 16:00	3/22/2019 9:14 AM
2	14-16	3/22/2019 9:03 AM
3	hlutlaus	3/22/2019 8:59 AM
4	myndi vilja hafa það fyrr því starfsfólk var lengi að ganga frá öllum diskum og glösum og vaska upp	3/22/2019 8:56 AM
5	14:30 til 16	3/22/2019 8:56 AM
6	14:30-16	3/22/2019 8:55 AM

Q17 Kynnt var fyrir börnunum hvað felst í Bolludeginum


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	0.00% 0
Ósammála	4.55% 1
Hlutlaus	18.18% 4
Sammála	40.91% 9
Mjög sammála	36.36% 8
TOTAL	22

Q15 Varst þú ánægð/ur með bakstur fyrir konukaffið

Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	72.73% 16
Nei	27.27% 6
TOTAL	22


Q16 Hvaða hugmyndir að úrbættum hefur þú fyrir næsta ár varðandi Konudaginn

Answered: 11 Skipped: 11

#	RESPONSES	DATE
1	Kóskakúllur í stað hafraklatta	3/22/2019 9:14 AM
2	EKKI BAKSTUR	3/22/2019 9:13 AM
3	veit ekki	3/22/2019 9:05 AM
4	Kynna daginn betur fyrir fólk í litlu hlutfalli	3/22/2019 9:04 AM
5	ávexti og grænmeti í boði fyrir gesti	3/22/2019 9:04 AM
6	ekkert	3/22/2019 9:03 AM
7	skipuleggja betur veitingar	3/22/2019 9:02 AM
8	hafa eitthvað meira með kaffinu og kanski eitthvað meira bragðbetra	3/22/2019 8:56 AM
9	Ekki viss hvað mér finnst með aLLA PUTTA í matnum uppá hreinlæti	3/22/2019 8:55 AM
10	.	3/22/2019 8:53 AM
11	Engar hugmyndir	3/22/2019 8:52 AM

Q18 Unnin voru verkefni í tengslum við Bolludaginn


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	0.00% 0
Ósammála	0.00% 0
Hlutlaus	9.09% 2
Sammála	59.09% 13
Mjög sammála	31.82% 7
TOTAL	22

Q19 Unnið var markvisst með sprengidaginn með börnunum inni á minni deild


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	13.64% 3
Ósammála	18.18% 4
Hlutlaus	36.36% 8
Sammála	9.09% 2
Mjög sammála	22.73% 5
TOTAL	22

Q20 Ég geri mér grein mér grein fyrir mikilvægi frjálsrar sköpunar í búningagerð


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög ósammála	0.00%	0
Ósammála	0.00%	0
Hlutlaus	0.00%	0
Sammála	27.27%	6
Mjög sammála	72.73%	16
TOTAL		22

Q21 Ferli búningagerðarinnar var vel kynnt fyrir mér


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	0.00% 0
Ósammála	13.64% 3
Hlutlaus	4.55% 1
Sammála	36.36% 8
Mjög sammála	45.45% 10
TOTAL	22

Q22 Ég tel mig færa/nn um að aðstoða börnin í búningagerð


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	0.00% 0
Ósammála	0.00% 0
Hlutlaus	13.64% 3
Sammála	31.82% 7
Mjög sammála	54.55% 12
TOTAL	22

Q23 Mér fannst aðstaða fyrir búningagerð fullnægjandi

Answered: 22 Skipped: 0




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	4.55% 1
Ósammála	4.55% 1
Hlutlaus	9.09% 2
Sammála	31.82% 7
Mjög sammála	36.36% 8
Athugasemd?	13.64% 3
TOTAL	22

#	ATHUGASEMD?	DATE
1	Ósammála, léleg aðstaða í takmarkaði rými listasmíðjunar	3/22/2019 9:14 AM
2	BETRA ADGENGI AÐ EFNUM	3/22/2019 9:13 AM
3	vantar bara skipulag hvenær er tími fyrir hvern deild hvenær þau geta notað listasmíðjur	3/22/2019 8:53 AM

Q24 Ég fékk nægan tíma til að útbúa minn eigin búning


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	9.09% 2
Ósammála	22.73% 5
Hlutlaus	31.82% 7
Sammála	18.18% 4
Mjög sammála	18.18% 4
TOTAL	22

Q25 Á hvaða hátt upplifðir þú aðdraganda öskudags

Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög neikvæðan	0.00% 0
Neikvæðan	0.00% 0
Hlutlaus	9.09% 2
Jákvæðan	40.91% 9
Mjög jákvæðan	36.36% 8
Athugasemd?	13.64% 3
TOTAL	22

#	ATHUGASEMD?	DATE
1	Jákvæðan en þrátt fyrir úrbættur fer of mikið að dagskipulaginu í búningagerð þessa tvö mánuði jan/feb	3/22/2019 9:14 AM
2	mjög neikvæðann og mjög stressandi fyrir starfsfólkið. þurftum að gera búninga á 27 börn og það var byrjað í lok janúar/byrjun febrúar en hefðum þurft að byrja fyrr	3/22/2019 8:56 AM
3	var ekki á öskudag	3/22/2019 8:53 AM

Q26 Hvaða hugmyndir um úrbætur hefur þú varðandi öskudag?

Answered: 13 Skipped: 9

#	RESPONSES	DATE
1	séstök saumastofa á eldri gangi og hver deild fær ákveðin tíma í vinnu þar.	3/22/2019 9:14 AM
2	Vera tímanlegri að byrja á búningum, hafa búningagerð meira í umræðu við börn í aðdraganda öskudags	3/22/2019 9:14 AM
3	ATH AÐ HEFTA EKKI FYRIR POKANA SEM CERIOSIÐ VAR Í	3/22/2019 9:13 AM
4	vantar nöskupokana að nota þá	3/22/2019 9:10 AM
5	öskudags ballið var út um allt, sum börn vildu ekki vera á ballinu út af hávaða of æslagang. Ballið var of lang.	3/22/2019 9:06 AM
6	engar	3/22/2019 9:05 AM
7	Ég vil sjá meiri saumsakap með saumavél hjá börnunum	3/22/2019 9:04 AM
8	allt æðislegt	3/22/2019 9:03 AM
9	mætti skipuleggja aðgengi að efnum betur	3/22/2019 9:02 AM
10	byrja fyrr á búningum eins og t.d í desember byrjun janúar	3/22/2019 8:56 AM
11	Hafa minna serjos í pökkunum fyrir börnin.	3/22/2019 8:55 AM
12	.	3/22/2019 8:53 AM
13	Markvissari skemmtun í rými eða styttra ball.	3/22/2019 8:52 AM


Q27 Jólaball: Hvað finnst þér vera nægur tími til að syngja jólalög á ballinu

Answered: 15 Skipped: 7

#	RESPONSES	DATE
1	30 mín	3/22/2019 9:14 AM
2	15 -20 min	3/22/2019 9:14 AM
3	10 MÍN	3/22/2019 9:13 AM
4	var ekki	3/22/2019 9:10 AM
5	Ballið of langt, sungum aftur sömu lög og jólsveinarnir	3/22/2019 9:06 AM
6	veit ekki	3/22/2019 9:05 AM
7	20 mín til 30 mín	3/22/2019 9:04 AM
8	15 min max	3/22/2019 9:03 AM
9	ca 10 mín	3/22/2019 9:02 AM
10	fer eftir aldri baranna	3/22/2019 8:58 AM
11	30 mín	3/22/2019 8:56 AM
12	10 mín	3/22/2019 8:56 AM
13	var ekki	3/22/2019 8:55 AM
14	já en mætti ver meira skipulag á því	3/22/2019 8:53 AM
15	20 mínútur	3/22/2019 8:52 AM

Q28 Finnst þér að jólasveinarnir ættu að leiða söng með börnunum allan tímann

Answered: 20 Skipped: 2




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	60.00%	12
Nei	5.00%	1
Ef nei, af hverju?	35.00%	7
TOTAL		20

#	EF NEI, AF HVERJU?	DATE
1	ÞEIR ERU FALSKIR	3/22/2019 9:13 AM
2	var ekki	3/22/2019 9:10 AM
3	jólasveinarnir eru misjafnir sumir halda vel utanum sönginn aðrir ekki	3/22/2019 9:02 AM
4	var ekki á jólaballi	3/22/2019 8:59 AM
5	gott að byggja upp spennu, við byrjum g svo koma kallarnir úr fjöllumum	3/22/2019 8:56 AM
6	var ekki	3/22/2019 8:55 AM
7	ættum sem leikskóli að hafa sér tíma með börnunum	3/22/2019 8:53 AM

Q29 Fannst þér heppnast vel að fá jólasveinana inn á deild eftir ball?

Answered: 21 Skipped: 1




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	76.19% 16
Nei	0.00% 0
Athugasemd?	23.81% 5
TOTAL	21

#	ATHUGASEMD?	DATE
1	var ekki	3/22/2019 9:10 AM
2	Nei. Þeir komu og fóru, hefði viljað hafa þá lengur. Síðan ég var óvanur því að þau fengju mandarínu en ekki pakka var ég smá paff :-)	3/22/2019 9:04 AM
3	var ekki á jólaballi	3/22/2019 8:59 AM
4	Sá sem kom til okkar gaf sér lítinn tíma, afhenti þeim glaðninginn og fór svo strax. Hefði verið gaman að fá að taka myndir af börnunum með sveinka.	3/22/2019 8:58 AM
5	var ekki	3/22/2019 8:55 AM

Q30 Finnst þér að jólaballið ætti að vera tvískipt eftir aldri?

Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	59.09% 13
Nei	22.73% 5
Athugasemd?	18.18% 4
TOTAL	22

#	ATHUGASEMD?	DATE
1	Já of mörg börn börnin fá ekki að ganga í kringum tréð.	3/22/2019 9:14 AM
2	Það væri líklega gott, varðandi pláss, en mér finnst líka mikilvægt að börn á mismunandi aldri fái að hitta hvort annað, líka uppá systkini, þennig nei	3/22/2019 9:14 AM
3	Meira pláss og börnin njóta sín betur . Troðningur við tréð er ekki skemmtilegur	3/22/2019 8:56 AM
4	yngri börnin sjá lítið og tynast í hópnum	3/22/2019 8:53 AM


Q31 Hvaða lög fannst þér gaman að syngja á jólaballinu, einhverjar uppástungur fyrir næsta ár

Answered: 14 Skipped: 8

#	RESPONSES	DATE
1	Þau sömu og í fyra	3/22/2019 9:14 AM
2	jólasveinar einn og átta, skín í rauða skotthúfu	3/22/2019 9:14 AM
3	FER EFTIR ALDRI	3/22/2019 9:13 AM
4	var ekki	3/22/2019 9:10 AM
5	jólasveinar einn og átta	3/22/2019 9:05 AM
6	bara þessi klassísku og kannski bæta við einhverju nýrra sem allir hafa þá æft svo allir kunni það lög ásamt hinum.	3/22/2019 9:04 AM
7	allt fint	3/22/2019 9:03 AM
8	frjálst	3/22/2019 9:02 AM
9	Í skóginum stóð kofi einn, Jólasveinar ganga um gólf	3/22/2019 8:58 AM
10	jólasveinar 1 og 8, jón og gunna, jólasveinar ganga um gólf, jólahjól	3/22/2019 8:56 AM
11	*Skín í rauðar skotthúfur, bráðum koma blessuð jólin, litla jólabarn, í skóginum stóð kofi einn, snæfínnur,	3/22/2019 8:56 AM
12	var ekki	3/22/2019 8:55 AM
13	öll lög með hreyfingu	3/22/2019 8:53 AM
14	gekk ég yfir sjó og land	3/22/2019 8:52 AM

Q32 Hefur þú kynnt þér starfsáætlun skólans 2018-2019


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ekkert	18.18% 4
Mjög lítið	18.18% 4
Lítið	36.36% 8
Vel	13.64% 3
Mjög vel	13.64% 3
TOTAL	22

Q33 Hversu mikið er farið eftir starfsáætlun skólans þegar kemur að endurvinnslu inni á þinni deild


Answered: 21 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög lítið	0.00% 0
Lítið	28.57% 6
Mikið	52.38% 11
Mjög mikið	19.05% 4
TOTAL	21

Q34 Er ræktun sýnilegur hlutur inni á þinni deild?


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	59.09% 13
Nei	40.91% 9
TOTAL	22

Q35 Hversu oft að meðaltali hefur þín deild farið í útikennslu á mánuði á þessu skólaári


Answered: 21 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
0	61.90%	13
1	19.05%	4
2	14.29%	3
3	0.00%	0
4	4.76%	1
TOTAL		21

Q36 Eru einkunnarorð leikskólans sýnileg inni á þinni deild


Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	50.00%	11
Nei	50.00%	11
TOTAL		22

Q37 Það er unnið markvisst eftir einkunnarorðum leikskólans inni á minni deild?

Answered: 22 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög ósammála	4.55% 1
Ósammála	0.00% 0
Hlutlaus	22.73% 5
Sammála	40.91% 9
Mjög sammála	31.82% 7
TOTAL	22

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helle Kristensen

Karl Ásgeir Geirsson

Líney Halla Kristinsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.

- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð staðfestir að starfsáætlun Sunnuáss 2019-2020 inniheldur alla þá þætti sem óskað er eftir.

Umbótaáætlun Sunnuáss er metnaðarfull og hæfa umbótaþættir vel aldri barnanna á hverri deild fyrir sig. Foreldraráð vill minna á að nefna skýrar athafnir þegar aðgerðum til umbóta er lýst, t.d. leggja fram fleiri „praktískar“ hugmyndir fyrir starfsfólk til þess að vinna að einkunnarorðum leikskólans. Einnig má upplýsa foreldra markvissar um hvað umbótum er unnið að hverju sinni, svo einnig megi sinna þeim heima fyrir ef hægt er. Til dæmis þegar börnin læra að smyrja sjálf, nota orð í stað hljóða og handa, eða ríma og velta fyrir sér samsetningum orða í tengslum við HLJÓM-2. Foreldraráð lýsir yfir mikilli ánægju með þá vinnu sem áætluð er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig að auka eigi samstarf milli sérkennara og deildarstjóra/deilda, svo tryggja megi enn betur samræmi í starfinu með þeim börnum sem þarfnast sérkennslu.

Foreldraráð hvetur Reykjavíkurborg til að vinna betur að varanlegum lausnum á þeim vanda sem mannekla og starfsmannavelta eru. Þetta tvennt virðist vera gríðarlegt vandamál og er ítrekað nefnt í greinargerðum deildarstjóra. Skiljanlega hefur slíkt mikil áhrif á starf leikskólans, þó svo að allir geri sitt besta. Einna skýrast birtist vandinn í útikennslu, en niðurstöður innra mats meðal starfsmanna eru sláandi: Í janúar-mars höfðu 62% starfsmanna ekki farið í útikennslu með sinni deild. Þrátt fyrir að leikskólinn Sunnuás leggi mikla áherslu á umhverfismennt og útikennslu. Almennt torveldar starfsmannavandinn að halda uppi skipulögðu starfi og samfelli í starfi barnanna. Foreldraráð kallar yfirvöld í borginni til ábyrgðar að breyta þessari erfiðu stöðu.

Virðingarfyllt.

Lingey Halldórsdóttir
Stella Kristjánsson